

Vestfjarðastofa

VESTFJARÐASTOFA

FRÉTTABRÉF OKTÓBERMÁNAÐAR 2026

VESTFJARÐASTOFA
SUÐURGATA 12
400 ÍSAFJÖRÐUM

FV@VESTFIRDIR.IS
WWW.VESTFIRDIR.IS
450-6600

VETURNÆTUR OG VINNUSTOFUR

Veturinn er formlega genginn í garð. Veturnætur eru að baki, fyrsti vetrardagur kominn og farinn og það dimmir stöðugt meira og við bíðum eftir smá snjó. Hjá okkur á Vestfjarðastofu hefur þó lítið farið fyrir vetrardvala. Október var með annasamari mánuðum ársins og dagatöl starfsmanna voru á köflum ansi skrautleg.

Stjórn Vestfjarðastofu fundaði 21. október og afgreiddi nokkrar umsagnir, meðal annars um fjárlög, og samhliða var undirbúningur Fjórðungsþings í fullum gangi. Þar var forgangsröðun áherslna svæðisskipulagsins og aðgerðaáætlana ofarlega á baugi, enda er langhlaupið sem ég nefndi í síðasta fréttabréfi nú hafið fyrir alvöru.

Við á Vestfjarðastofu fórum á flakk með vinnustofur fyrir Uppbyggingarsjóð á Ísafirði, Hólmavík og Patreksfirði. Það er alltaf jafn gaman að sjá hve margar góðar hugmyndir kvikna þegar fólk sest niður saman með kaffibolla og umsóknareyðublað. Verkefnisstjórar Brothættra byggða héldu íbúafundi á Drangsnesi og Reykhólum með dags millibili og afar vel heppnað íbúaþing var haldið á Tálknafirði um síðustu helgi.


Þó verkefni innan Vestfjarða séu efst á blaði hjá okkur teygja verkefnin okkar sig víða en þó alltaf til hagsbóta fyrir svæðið, sveitarfélögin eða fyrirtækin. Unnið var úr fundunum á Írlandi í BRIDGES verkefninu, BOCOD skilaði skýrslu með vegvísi og greiningum og RECET verkefnið er á lokametrunum. Markaðsstofan fylgdi eftir tengslunum frá Vestnorden, fundaði með kínverskum ferðasölum og fór í kynnisferð með fulltrúum frá ferðaskrifstofunni Kuoni Tumlare þar sem fundað var með 18 ferðaþjónum á Vestfjarðaleiðinni. Og auðvitað eru Mannamót handan við hornið.



Í menningunni lauk dómnefnd í samkeppni á vegum Ísafjarðarbæjar um útilistaverk á Ísafirði störfum og nú styttist í stóra menningarráðstefnu í nóvember. Farsældarráð undirbýr Farsældarþing og hefur fundað með velferðar- og fjölskylduráðum sveitarfélaganna.

Nóvember lofar engu minni önnum með ferðalögum, fundum og ráðstefnum.

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir
framkvæmdastjóri



KJÖRNIR FULLTRÚAR FORGANGSRAÐA FYRIR VESTFIRÐI

Á 71. Fjórðungsþingi Vestfirðinga í lok október settust kjörnir fulltrúar niður og ræddu hvað ætti að hafa forgang á næstu árum. Vinnustofan byggði á Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025–2050 og var undirbúin með könnun sem lögð var fyrir fulltrúa sveitarfélaganna fyrir þingið.

Samgöngur og raforka efst en ekki eina málið

Alls bárust 38 svör frá kjörnum fulltrúum frá öllum átta sveitarfélögum Vestfjarða. Helmingur svarenda er á sínu fyrsta kjörtímabili. Niðurstöðurnar voru skýrar: 37 af 38 nefndu samgöngur meðal brýnustu viðfangsefna kjörtímabilsins og 24 vilja að raforkuöryggi verði í forgangi í hagsmunagæslu gagnvart ríkinu.

Til að umræðan á þinginu snerist ekki eingöngu um þessi stóru mál voru þau sett „í geymslu“ og falin hagsmunagæslunni til úrvinnslu. Þá fengu önnur mál ítarlegri umræðu: samkeppnishæft atvinnulíf, húsnæði, menning og grunnþjónusta. Í Sóknaráætlun vilja fulltrúar helst setja ferðaþjónustu, atvinnuþróun og fjárfestingar í forgang, en ungt fólk og menntun koma þar næst.

Sjö þemaborð

Á vinnustofunni kynntu starfsmenn Vestfjarðastofu verkefni sín í átta stuttum kynningum. Síðan unnu fulltrúar á sjö þemaborðum: húsnæði, heilbrigði og velferð, ungt fólk og menntun, atvinnuþróun, ferðaþjónusta, umhverfi og samvinna sveitarfélaga. Hvert borð setti fram eitt áhersluverkefni fyrir Sóknaráætlun, eitt mál fyrir hagsmunagæsluna og eina skuldbindingu sveitarfélaganna sjálfra.

Nokkur stef gengu í gegnum mörg borð:

- Vetrarþjónusta er forsenda heilsársatvinnulífs og ferðaþjónustu, þótt samgöngur hafi verið lagðar til hliðar.
- Samverurými eins og félagsheimili, sundlaugar og bókasöfn skipta miklu fyrir búsetugæði, menningu og félagsleg tengsl.
- Ungt fólk þarf aðgengi að tómstundum og raunverulega rödd í sveitarstjórnum.
- Samstarf í skólamálum er næsta svið þar sem sveitarfélögin geta náð meiru saman en hvert í sínu lagi.
- Fyrirsjáanleiki gagnvart ríkinu varðandi regluverk lagareldis, heilbrigðisþjónustu í heimabyggð og fjármögnun íbúðarhúsnæðis.

Húsnæðisborðið benti á að það að sveitarfélög eigi tilbúnar lóðir dugi ekki eitt og sér, því byggingarkostnaður og fjármögnun stöðva framkvæmdir víða.

Hvað tekur við?

Niðurstöðurnar falla vel að markmiðum svæðisskipulagsins. Þær draga líka fram hvar skipulagið þarf skýrari svör, einkum um fjármögnun og hlutverk ríkisins. Niðurstöðurnar verða nýttar við gerð starfsáætlunar Vestfjarðastofu, við val á áhersluverkefnum Sóknaráætlunar 2027–2029 og í hagsmunagæslu fyrir Vestfirði.

Við á Vestfjarðastofu þökkum kjörnum fulltrúum fyrir góða þátttöku bæði í könnuninni og á þinginu.



ÞRETTÁN ÁLYKTANIR SAMÞYKKTAR Á 71. FJÓRÐUNGSÞINGI VESTFIRÐINGA



Mikil þátttaka og góður andi einkenndi 71. Fjórðungsþing Vestfirðinga sem lauk á Patreksfirði í dag. Þar komu saman sveitarstjórnarfulltrúar alls staðar af Vestfjörðum, þar á meðal fjölmargir nýkjörnir fulltrúar sem sátu þingið í fyrsta sinn, og samþykktu 13 ályktanir um helstu hagsmunamál landshlutans.

Þingfulltrúar tóku þátt í vinnustofum þar sem unnið var að forgangsröðun verkefna í Svæðisskipulagi Vestfjarða. Fjallað var um hlutverk sveitarstjórnarfólks í innleiðingu skipulagsins og hvernig best væri að tryggja að markmið þess skiluðu sér í stefnumótun og ákvörðunum sveitarfélaganna. Vegna þess hversu margir eru nýir í sveitarstjórnum á svæðinu var starfsfólk Vestfjarðastofu með kynningu á starfsemi hennar og þeim fjölbreyttu verkefnum sem þar eru unnin í þjónustu við sveitarfélög, atvinnulíf og íbúa svæðisins.

Svæðisskipulag Vestfjarða, innviðir og samgöngur í brennidepli

Þingstörf gengu vel og voru samþykktar 13 ályktanir. Þar var meðal annars kallað eftir bættum samgöngum á Vestfjörðum, hraðari undirbúningi jarðgangaframkvæmda, eflingu flugsamgangna og úrbótum í fjarskiptamálum. Jafnframt var lögð áhersla á aukið orkuöryggi, áframhaldandi jarðhitaleit, skýra lagaumgjörð um lagareldi og endurskoðun hafnalaga til að mæta breyttum atvinnuháttum. Þá samþykkti þingið ályktanir um sameiginlega skólaþjónustu á Vestfjörðum og mikilvægi þess að stjórnvöld styðji við uppbyggingu innviða og samfélaga í landshlutanum. Hér má sjá allar samþykktar ályktanir.

Þá samþykkti þingið sérstaka stefnuályktun um framgang Svæðisskipulags Vestfjarða þar sem lögð er áhersla á að ríki, sveitarfélög og aðrir samstarfsaðilar sameinist um að hrinda markmiðum skipulagsins í framkvæmd. Í ályktuninni er dregin upp framtíðarsýn um sjálfbæra, samkeppnishæfa og eftirsóknarverða Vestfirði þar sem styrkleikar samfélaga, náttúru og atvinnulífs eru nýttir til áframhaldandi uppbyggingar og aukinna lífsgæða.

Á þinginu var lögð sérstök áhersla á Svæðisskipulag Vestfjarða og innleiðingu þess á nýju sveitarstjórnarkjörtímabili. Samþykktar ályktanir þingsins endurspegla jafnframt helstu hagsmunamál Vestfjarða og þau verkefni sem sveitarfélögin telja brýnt að vinna áfram að.

Vestfjarðastofa

Farsældarverðlaun Vestfjarða

Hver gerir líf barna og fjölskyldna á Vestfjörðum betra?



Farsældarráð Vestfjarða óskar eftir tilnefningum til nýrra verðlauna fyrir framúrskarandi framlag í þágu barna og fjölskyldna á Vestfjörðum.

Opið er fyrir tilnefningar til 13. nóvember n.k.

Verðlaunin verða afhent á Farsældarþingi Vestfjarða þann 1. des. 2026

Fleiri upplýsingar á www. vestfirdir.is

„STEFNAN ER MÖRKUÐ – NÚ ER KOMIÐ AÐ RÍKINU“

HAGSMUNAGÆSLA VESTFIRÐINGA Á HAUSTDÖGUM

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir skrifar:

„Vestfirðingar hafa unnið heimavinnuna.“ Þessi setning lýsir vel hagsmunagæslu Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga í haust. Hápunkturinn var 71. Fjórðungsþing Vestfirðinga á Patreksfirði dagana 27.–28. október. Þar voru þrettán ályktanir samþykktar samhljóða og Hanna Katrín Friðriksson atvinnuvegaráðherra ávarpaði þingið ásamt þingmönnum Norðvesturkjördæmis.

Haustið hófst á Kollabúðum í Þorskafirði 27. ágúst með staðfestingu Svæðisskipulags Vestfjarða 2025–2050. Með því sameinuðust öll sveitarfélög fjórðungsins um eina framtíðarsýn, og stefnt er að því að íbúar verði 11.000 árið 2050. Meginályktun þingsins, „Stefnan er mörkuð“, byggir á skipulaginu. Þar segir að nú standi upp á ríkisvaldið að tryggja forsendurnar: greiðar samgöngur, öruggt raforkukerfi, öfluga nærþjónustu og stjórnsýslu sem tekur mið af aðstæðum í héraði.


Fjárlög ársins 2027 hafa verið stórt verkefni hagsmunagæslunnar í haust. Í umsögn til fjárlaganefndar og í ályktunum er bent á að framlög til vegamála séu 2,4 milljörðum króna lægri en samgönguáætlun gerir ráð fyrir. Einnig er varað við boðaðri skerðingu framlaga til sóknaráætlana, en grunnframlög þeirra hafa staðið óbreytt í krónum talið frá 2018. Stjórn Vestfjarðastofu krefst þess að fallið verði frá skerðingunum.

Samgöngur eru jafnan fyrirferðarmiklar í hagsmunagæslu fyrir Vestfirði. Þegar tilboð í brú yfir Djúpafjörð reyndust yfir kostnaðaráætlun brást stjórnin við undir yfirskriftinni „Klárum þverunina“ og sagðist ekki samþykkja frekari frestun. Fjórðungsþing fagnaði því að Álftafjarðargöng og göng undir Mikladal og Hálfdán eru í forgangi í samgönguáætlun, og krafðist þess að framkvæmdir hefjist eigi síðar en 2030. Í flugmálum er kallað eftir laugardagsflugi, og þar með flugi alla daga vikunnar til Ísafjarðar og tveimur ferðum á dag til Bíldudals að minnsta kosti tvo daga í viku.

Í atvinnumálum var atvinnuvegaráðherra hvattur til að leggja frumvarp um lagareldi fram strax á haustþingi. Þar er lögð áhersla á að tekjur ríkisins af greininni skili sér til uppbyggingar í nærsamfélögunum. Einnig er krafist skýrari heimilda hafna til gjaldtöku vegna fiskeldis, einfaldari gjaldtöku hins opinbera af hringsiglingaskipum og að hluti náttúru- og innviðagjalds renni til áfangastaðaþróunar í landshlutunum.

Þá hefur Fjórðungssambandið sent umsagnir um hvítbók um byggðamál, flutningskerfi raforku og áform um hafeldi. Áhyggjur eru af því að ákvarðanavald færist suður, til dæmis með áformum um að fækka lögregluembættum úr níu í þrjú og með sameiningu ríkisstofnana. Þingið leggst einnig gegn því að vægi landsbyggðarkjördæma verði skert frekar.

Í ávarpi sínu sagði Gylfi Ólafsson formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga „Það gengur vel á Vestfjörðum, það eru mörg tækifæri til framþróunar í mannlífi og menningu. Hér líður mér vel og hér vil ég áfram búa. Og af því sem ég hef kynnst af samskiptum við sveitarstjórnarfólk og það sem ég las í aðdraganda kosninganna þá er þessi ást og eldmóður gegnumgangandi“.



FJÁRSJÓÐURINN FELST Í FÓLKINU OG SAMHELDNINNI

Mikil þátttaka og bjartsýni einkenndu íbúafund Fjársjóðs fjalla og fjarða á Reykhólum þann 15. október. Fundurinn, sem var sá annar í verkefninu, fór fram úr væntingum hvað mætingu varðaði og sýndi skýran áhuga íbúa á áframhaldandi uppbyggingu samfélagsins.



Á fundinum var Guðmundur Konráðsson kynntur sem nýr verkefnisstjóri og Hlynur Einarsson tók sæti í verkefnisstjórn. Farið var yfir stöðu verkefnisins og kynnt nokkur frumkvæðisverkefni, þar á meðal fuglaskilti á Reykhólum og uppbyggingu aðstöðu fyrir sjósund.



Íbúar voru hvattir til að sækja um í Frumkvæðissjóðinn þegar opnað verður fyrir umsóknir á ný í apríl. Einnig var bent á stuðningsmöguleika Uppbyggingarsjóðs og þá ráðgjöf sem í boði er við umsóknargerð.

Í hópumræðum komu íbúar með ábendingar og hugmyndir sem verða nýttar til að móta næstu skref verkefnisins. Áður um daginn heimsótti verkefnisstjórn styrkþega á svæðinu og kynntist verkefnum á sviði ferðaþjónustu, menningar og atvinnuuppbyggingar.

Í heild sýndu fundurinn og heimsóknirnar kraft, frumkvæði og samheldni íbúa og mikilvægi þess að styðja við áframhaldandi þróun samfélagsins.

Frekari upplýsingar er að finna hér.



FERÐAÞJÓNUSTAN Á DAGSKRÁ Í VIÐBURÐARÍKRI VIKU HJÁ MARKAÐSSTOFU VESTFJARÐA

Ferðaþjónusta í brennidepli á Vestfjörðum
Síðustu vikur hefur Markaðsstofa Vestfjarða tekið þátt í fjölbreyttum verkefnum og umræðum um framtíð ferðaþjónustunnar, meðal annars á fundi um stöðu greinarinnar í Norðvesturkjördæmi, fundi með atvinnuvegaráðherra og á 71. Fjórðungsþingi Vestfirðinga.

Mótvindur í Borgarnesi

Þann 22. október tók Markaðsstofan þátt í fundinum Mótvindur þar sem fjallað var um stöðu og framtíð ferðaþjónustunnar í Norðvesturkjördæmi. Sölvi Guðmundsson kynnti mikilvægi skemmtiferðaskipa fyrir atvinnulíf á landsbyggðinni og ræddi nauðsyn fyrirsjáanlegs rekstrarumhverfis fyrir fyrirtæki og sveitarfélög.

Hægt er að horfa á upptöku fundarins hér.

Fundur með atvinnuvegaráðherra

Þann 26. október fundaði Markaðsstofan með Hönnu Katrínu Friðriksson atvinnuvegaráðherra um stöðu og þróun ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Þar var meðal annars fjallað um verkefni á sviði vetrarferðaþjónustu sem miða að því að fjölga ferðamönnum utan háannatíma og styrkja heilsársstarfsemi fyrirtækja.

Kynning á Fjórðungsþingi Vestfirðinga

Á 71. Fjórðungsþingi Vestfirðinga kynnti Markaðsstofan vinnu við uppfærslu Áfangastaðaáætlunar Vestfjarða og lagði áherslu á mikilvægi sterkrar og jákvæðrar ímyndar svæðisins. Markmiðið er að styðja sjálfbæra uppbyggingu ferðaþjónustu, auka aðdráttarafl Vestfjarða og efla möguleika svæðisins til að laða að íbúa, fyrirtæki og fjárfestingu.

Lengri frétt er hægt að lesa inn á vestfirðir.is



Markaðsstofa Vestfjarða

GULLKISTAN STYRKIR TENGSL OG JÁKVÆÐA UMRÆÐU UM VESTFIRÐI

Verkefnið Gullkistan Vestfirðir hefur á síðustu tveimur árum þróast úr hugmynd í öflugan vettvang sem sameinar atvinnulíf, menningu, sveitarfélög og íbúa um að kynna það sem best er gert á Vestfjörðum.

Í erindi sínu á 71. Fjórðungsþingi Vestfirðinga fór Guðrún Anna Finnbogadóttir, teymisstjóri atvinnu- og byggðaþróunarsviðs Vestfjarðastofu, yfir þróun verkefnisins. Hún rakti hvernig Gullkistan varð til í kjölfar fundar Sóknarhóps Vestfjarðastofu árið 2025 þar sem fyrirtæki og sveitarfélög sameinuðust um að efla jákvæða umræðu um Vestfirði, atvinnulíf, menningu og mannlíf.

Fyrsta skrefið var stór sýning á Ísafirði þar sem fyrirtæki, stofnanir og frumkvöðlar kynntu starfsemi sína og mynduðu ný tengsl. Í framhaldinu þróaðist verkefnið í röð heimboða um alla Vestfirði þar sem almenningi gafst kostur á að kynnast atvinnu- og menningarlífi svæðisins af eigin raun. Alls tóku 138 aðilar þátt í heimboðunum á ellefu stöðum víðs vegar um fjórðunginn.

Að sögn Guðrúnar Önnu hefur verkefnið hjálpað til við að draga fram fjölbreytileika atvinnulífs og menningar á Vestfjörðum og sýnt þann kraft, hugmyndaauðgi og nýsköpun sem einkennir samfélög landshlutans. Jafnframt hafi Gullkistan skapað ný tækifæri til tengslamyndunar og samstarfs þvert á atvinnugreinar, byggðarlög og samfélög. Næsta skref verkefnisins verður viðburðurinn Gullkistan Vestfirðir – menning og skapandi greinar, þar sem kastljósinu verður beint að þeirri miklu grósku sem ríkir á sviði menningar og skapandi greina um allan fjórðunginn.

Skráning í Gullkistuna Vestfirðir – menning og skapandi greinar fer fram hér.





KRAFTUR Í KALDRANA Á VEL SÓTTUM ÍBÚAFUNDI

Líflegur íbúafundur á Drangsnesi
Íbúafundur verkefnisins Jú víst! Kraftur í Kaldrana var haldinn á Drangsnesi 13. október með góðri mætingu og virkri þátttöku íbúa. Á fundinum var farið yfir stöðu verkefnisins, kynntur nýr verkefnisstjóri, Ingibjörg Benediktsdóttir, og fráfarandi verkefnisstjóra, Valgeiri Jens Guðmundssyni, þakkað fyrir störf sín.



Á fyrsta þátttökuári Kaldrananeshrepps í verkefninu Brothættar byggðir hafa 19 verkefni hlotið styrk úr Frumkvæðissjóði. Tvö þeirra voru sérstaklega kynnt: uppbygging leik- og útivistarsvæðis við Kotbýli Kuklarans í Bjarnafirði og atvinnuuppbygging í Ásmundarnesi. Opnað verður aftur fyrir umsóknir í sjóðinn í desember. Fulltrúar Byggðastofnunar kynntu jafnframt fjármögnunarmöguleika fyrir einstaklinga og fyrirtæki, meðal annars lánaflokkinn Viðkvæm byggðarlög.



Í hópavinnu fundargesta komu fram fjölmargar hugmyndir og ábendingar um framtíð byggðarinnar. Niðurstöðurnar verða nýttar við áframhaldandi þróun verkefnisins. Fundurinn sýndi þann kraft og metnað sem býr í samfélaginu og mikilvægi virkrar þátttöku íbúa í uppbyggingu sveitarfélagsins.

Hægt er að lesa um málið inn á vestfirðir.is



FYRSTU FERÐIRNAR STAÐFESTAR Í KJÖLFAR MARKAÐSSTARFS Á ASÍUMARKAÐI

Dagana 28.-30. október tók Markaðsstofa Vestfjarða á móti tveimur fulltrúum ferðaþjónustufyrirtækisins Kuoni Tumlare í kynnisferð um Vestfirði. Heimsóknin er liður í markvissu starfi við að lengja ferðatímabilið og efla samstarf við erlenda ferðaskipuleggjendur, sérstaklega á mörkuðum í Japan og Taívan.

Á ferðinni kynntust gestirnir þjónustu 18 vestfirskra ferðaþjónustufyrirtækja, meðal annars í gegnum heimsóknir og kynningarfundi víðs vegar um Vestfjarðaleiðina.

Samstarfið hefur þegar skilað árangri. Ein ferð til Vestfjarða árið 2027 er staðfest og uppseld og önnur komin í sölu. Markaðsstofan sér tækifæri til að fjölga ferðamönnum utan háannatíma, einkum á tímabilinu september til nóvember og febrúar til apríl.

Undanfarin misseri hefur Markaðsstofa Vestfjarða aukið markaðsstarf sitt í Asíu með það að markmiði að styrkja tengsl við erlenda ferðaskipuleggjendur og skapa ný tækifæri fyrir vestfirska ferðaþjónustu. Kynnisferðir sem þessi eru mikilvægur þáttur í þeirri uppbyggingu og fyrstu niðurstöður eru þegar farnar að sjást.





Markaðsstofa Vestfjarða

UMSAGNIR UM FJÁRLÖG 2027

SKATTHEIMTA, NÝTING NÁTTÚRUAUÐLINDA OG FARSÆLD BARNA



Aðalsteinn Óskarsson skrifar:

Október er að venju annasamur við gerð umsagna frá Alþingi eftir að þingið kom að nýju saman í september s.l. og eins drög frumvarpa og þingsályktana á þingmálaskrá ríkisstjórnar sem setta hafa verið í Samráðsgátt stjórnvalda.

Alls voru unnar sex umsagnir að hálfu Fjórðungssambandsins og Vestfjarðastofu.

- Frumvarp um breytingar á ákvæðum laga er varða skatta og gjöld á árinu 2027, rætt um áhrif hækkunar kílómetragjalds á ökutæki og innviðagjalds á skemmtiferðaskip, lækkun endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna húsbygginga og síðan hugleiðingar um gjaldtöku tengt nýtingu náttúruauðlinda tengt ferðaþjónustu og lagareldi og ólíka nálgun gagnvart landsbyggð og höfuðborgarsvæði.
- Frumvarp til fjárlaga 2027, áréttað að nægt fjármagn verði tryggt til að vinna að framkvæmdum samkvæmt nýrri samgönguáætlun, viðhald vega og efling vetrarþjónustu og til uppbyggingar farnets á stofn og tengivegum. Mótmælt lækkunum á fjármagni til sóknaráætlana, markaðsmála ferðþjónustu og atvinnuþróunar og lækkunum á tímabundnum framlögum til verkefnisins um farsæld barna.
- Þingsályktun um farsæld barna er fagnað og stutt við markmið stefnunnar en áréttað að við framkvæmd stefnunnar verði með skýrari hætti tekið mið af ólíkum aðstæðum í smærri og dreifðari byggðum. Búseta, vegalengdir og takmarkaðar samgöngur mega ekki ráða því hvort börn geti nýtt þjónustu sem þau eiga rétt á og tekið þátt í samfélaginu.
- Drög að frumvarpi um náttúru og innviðagjald. Lögð áhersla á að samhliða innleiðingu náttúru- og innviðagjalds verði tryggð skýr heildarsýn um nýtingu aukinna tekna vegna ferðaþjónustu. Þar verði ekki eingöngu horft til þeirra staða þar sem gjald er innheimt eða til markaðssetningar landsins í heild, heldur einnig til svæðisbundinnar áfangastaðaþróunar og framkvæmdar áfangastaðaáætlana um land allt.
- Drög að frumvarpi um stórþörungarækt. Fagnað því að málið sé komið fram en um margra ára skeið hefur málið tafist og tafið þar með uppbyggingu nýrrar atvinnugreinar. Ábendingar settar fram varðandi aðkomu sveitarfélaga m.t.t. netlaga en ræktunin mun skarasta við þau lögsögumörk og hafa margvísleg áhrif á rekstur hafna, en í greinargerð frumvarpsins eru þau áhrif talin lítil en reynsla af sjókvíaeldi segir hið gagnstæða. Áréttað er í því sambandi með sérstöðu Reykhólhrepps þar sem nýting og vinnsla þörunga hefur verið lykilatvinnuvegur í meira en hálfa öld.

Allar umsagnirnar vísa til samstöðu vestfirskra sveitarfélaga á framtíðarsýn og markmið landshlutans sem kemur fram í nýju Svæðisskipulagi Vestfjarða. Umsagnirnar í heild sinni má síðan finna á heimasíðu Vestfjarðastofu

ÖFLUGUR HÓPUR FRUMKVÖÐLA VALINN Í STARTUP LANDIÐ 2026

Fjórtán fjölbreytt nýsköpunarverkefni af öllu landinu hafa verið valin til þátttöku í viðskiptahraðlinum Startup Landið. Hraðallinn er sérstaklega hannaður til að efla atvinnulíf, verðmætasköpun og nýsköpun á landsbyggðinni.
Startup Landið veitir frumkvöðlum og smáfyrirtækjum utan höfuðborgarsvæðisins verkfæri, fræðslu og sérfræðiaðstoð til að þróa hugmyndir sínar áfram. Þátttakendur sækja vinnustofur, fá leiðsögn frá reynslumiklum mentorum og vinna að mótun viðskiptalíkana, fjármögnun og markaðssetningu. Hraðallinn stendur í sjö vikur og munu teymi kynna verkefni sín á lokaviðburði á Selfossi þann 6. nóvember.
Breidd og hugvit um allt land
Þátttakendur ársins endurspegla mikla fjölbreytni í íslenskri nýsköpun, allt frá sjálfbærri matvælaframleiðslu og heilsueflingu til tækni, ferðaþjónustu og annarra þjónustulausna. Hægt er að lesa greinina í heild sinni inni á vestfirðir.is

Efling landsbyggðarinnar

Startup Landið hefur það að markmiði að efla tengslanet frumkvöðla og veita þeim aðgang að sérfræðiþekkingu og verkfærum til að byggja upp sjálfbæran rekstur. Með stuðningi við fjölbreyttar hugmyndir um allt land er lagður grunnur að fjölbreyttum störfum, aukinni verðmætasköpun og meiri byggðafestu.
Frekari upplýsingar um verkefnið er að finna hér





Startup landið

132 UMSÓKNIR BÁRUST Í UPPBYGGINGARSJÓÐ VESTFJARÐA

Kallað var eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Vestfjarða vegna verkefna ársins 2027 um miðjan september og rann umsóknarfrestur út 21. október.Alls bárust 132 umsóknir, þar af 86 umsóknir um menningarstyrki, 46 umsóknir til atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna og 10 umsóknir bárust frá menningarstofnunum um stofn- og rekstrarstyrki. Þetta er svipaður fjöldi og barst á síðasta ári.

Nú tekur við vinna fagráða menningar og nýsköpunar, þau leggja til hvaða verkefni skuli styrkt, en úthlutunarnefnd tekur síðan við tillögunum og ákvarðar styrkupphæðir.

Til ráðstöfunar eru kr. 48.850.000, en þegar hefur verið ráðstafað 13 milljónum til fjöláraverkefna. Alls er því úthlutað til verkefna ársins 2027 61.850.000 kr.

Gert er ráð fyrir að niðurstöður verði kynntar í úthlutunarhófi Uppbyggingarsjóðs, sem verður haldið í Edinborgarhúsinu á Ísafirði fimmtudaginn 26. nóvember kl. 16:00



Stjórnarráð Íslands
Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið

Menning og listir á Vestfjörðum

Ráðstefna á vegum menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis
Edinborgarhúsinu á Ísafirði 26. nóvember



Vestfjarðastofa

ÍSAFJARÐARBÆR

Menningarmiðstöðin Edinborg

Markmið ráðstefnunnar er að leiða saman listafólk, menningarstofnanir, sveitarfélög og aðra hagaðila til að ræða stöðu, styrkleika og framtíð menningar og skapandi greina á Vestfjörðum. Sérstök áhersla verður lögð á hvernig efla megi menningarstarf, styrkja innviði og auka tækifæri til listsköpunar og menningarþátttöku um allt svæðið.

Ráðstefnan er öllum opin og þátttaka er án endurgjalds, en skráning er nauðsynleg. Einnig verður hægt að fylgjast með ráðstefnunni í beinu streymi.
Nánari upplýsingar og dagskrá má finna hér.

Að ráðstefnunni standa Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið, Ísafjarðarbær, Vestfjarðastofa og Edinborgarhúsið. Einnig verður boðið upp á viðburðinn Gullkistan Vestfirðir – menning og skapandi greinar sama dag. Nánari upplýsingar um Gullkistuna má finna hér.



BRIDGES OPNAR NÝ TÆKIFÆRI TIL NÝSKÖPUNAR OG SAMSTARFS Á VESTFJÖRÐUM

Vestfjarðastofa tekur þátt í BRIDGES, samstarfsverkefni með aðilum frá Oulu í Finnlandi, Tromsø í Noregi, Luleå í Svíþjóð og Cork á Írlandi. Verkefnið tengir saman fyrirtæki og þekkingu milli svæða til að auka verðmætasköpun með hringrás og betri nýtingu hráefna og tækni.

Vestfirsk fyrirtæki geta nýtt verkefnið til að móta þróunarverkefni og finna samstarfsaðila til að vinna þau áfram. Fyrirtæki þurfa ekki að vera með fullmótaða hugmynd til að taka þátt. Upphafið getur verið hráefni sem mætti nýta betur, áskorun í rekstri eða lausn sem gæti gagnast öðrum.

Í upphafi verkefnisins mun Vestfjarðastofa ræða við fyrirtæki og aðra hagaðila á Vestfjörðum til að greina þarfir og tækifæri. Í framhaldinu verða fyrirtæki tengd við samstarfsaðila með þekkingarmiðlun, vinnustofum og þróun samstarfsverkefna. Valin fyrirtæki fá tækifæri til að þróa og prófa lausnir og kanna möguleika á að koma þeim á markað.

Áhugasöm fyrirtæki eru hvött til að hafa samband við Vestfjarðastofu. BRIDGES er 30 mánaða verkefni, frá september 2026 til febrúar 2029, og er styrkt af Interreg Northern Periphery and Arctic áætluninni.

Interreg

Co-funded by the European Union

Northern Periphery and Arctic

ALMYRKVAVERKEFNINU FORMLEGA LOKIÐ

Fulltrúar þeirra fjölmörgu aðila sem komu að undirbúningi og framkvæmd almyrkvans 12. ágúst komu saman í forsætisráðuneytinu á dögunum til að líta yfir farinn veg og draga saman helsta lærdóm verkefnisins.

Sölvi Guðmundsson, forstöðumaður Markaðsstofu Vestfjarða, tók þátt í dagskránni fyrir hönd Vestfjarðastofu og fjallaði, ásamt Þuríði H. Aradóttur Braun frá Markaðsstofu Reykjaness, um verkefnið frá sjónarhóli samstarfsaðila. Þar var meðal annars farið yfir mikilvægi góðs samstarfs milli heimamanna, sveitarfélaga og stofnana við undirbúning svo umfangsmikils viðburðar.

Samhliða lokum verkefnisins hefur verið gefin út skýrsla um undirbúning stjórnvalda, samhæfingu, framkvæmd og helsta lærdóm af almyrkvanum.

Lokaskýrsluna má lesa á vef Stjórnarráðs Íslands.





FARSÆLD BARNA

Vestfjarðastofa

Farsældarþing Vestfjarða

Það vaxa blóm fyrir vestan

Styrkleikar vestfirskra samfélaga í málefnum barna og fjölskyldna



KL. 12:30 - 16:30 | **1. DES 2026** | Logn, Hótel Ísafjörður

Fleiri upplýsingar á www. vestfirdir.is